

## Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta hreindýra og ágangssvæði árið 2025

Hálf dán H. Helgason, Veronika Kavanová og Kristín Ágústsdóttir



NA-240269  
Nóvember 2024



## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

<b>Skýrsla nr:</b> NA-240269	<b>Dags:</b> Nóvember 2024	<b>Dreifing:</b> Opin
<b>Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):</b> Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta hreindýra og ágangssvæði árið 2025	<b>Síðufjöldi:</b> 20	
	<b>Upplag:</b> aðgengileg á <a href="http://www.na.is">http://www.na.is</a>	
<b>Ljósmynd á forsíðu:</b> Tarfar í snjó við Ormsstaði Ljósmynd: Hálfmán H. Helgason	<b>Fjöldi korta:</b> 0	
	<b>Fjöldi viðauka:</b> 0	
<b>Höfundar:</b> Hálfmán H. Helgason, Veronika Kavanová og Kristín Ágústs dóttir		
<p>Náttúrustofa Austurlands leggur til að veiðikvóti ársins 2025 verði 665 hreindýr; 265 kýr og 400 tarfar sem er 131 dýri færri en í fyrra. Miðað er við fjöldi dýra fyrir burð 2025 verði 3300 dýr og að veiðiálag verði lágt eða um 20% vegna óvissu um breytingu á útbreiðslu dýra, skekktra kynjahlutfalla og nýliðunarbrests á ákveðnum svæðum. Miðað við forsendur fyrri ára um 25-27% veiðiálag ætti kvótinn að vera 825 dýr. Eins og fyrr er lagt til að kálfar og veturgamlir tarfar verði friðaðir.</p> <p>Jafnframt er lagt til að mörk veiði- og ágangssvæða verði óbreytt. Lagt er að til að kúaveiðar verði ekki heimilar á hluta svæðis 4. Þá er lagt til að veiðitímabil verði óbreytt, að veiðar á törfum fari fram frá 15. júlí til 15. september og veiðar á kúm verði frá 1. ágúst til 20. september. Einnig verði kúaveiði heimiluð frá 1. til 20. nóvember á svæði 9.</p> <p>Tillögur Náttúrustofunnar eru varfærnar í ljósi þeirrar óvissu sem að skapast hefur um fjölda dýra og breyttrar hagagöngu undanfarin ár sem og tapaðrar þekkingar vegna flugslyssins 2023. Miðað er við bestu fánlegu upplýsingar og viðmið þau sömu og fyrri ár, þ.e. að þéttleiki dýra fari ekki upp fyrir 1 dýr á km<sup>2</sup> beitarlands og á meðan stofn sé undir þeim mörkum að halda vísitölu stofnvaxtar (<math>\lambda</math>) sem næst 1 og kynjahlutföllum sem næst 4 törfum á hverjar 6 kýr. Ákvörðun um kvóta byggir á gögnum úr hefðbundnum flugtalningum að vori, sumri og hausti árið 2024 en einnig er byggt á gögnum úr vetrartalningu sem framkvæmd var á öllum svæðum í mars og apríl 2024 og tókst víðast hvar ágætlega. Þá fengust mikilvægar upplýsingar um dýr, fjölda og dreifingu á veiðitíma og öðrum árstímum frá ýmsum aðilum. m.a. veiðimönnum og Umhverfisstofnun. Samráð var haft við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Umhverfisstofnun við vinnslu tillagna um kvóta ársins 2025.</p>		
<b>Lykilorð:</b> Veiðikvóti, ágangssvæði, þéttleiki, hreindýrahagar, frjósemi, burður, talningar, nýliðun, aldurs- og kynjasamsetning.	<b>ISSN nr:</b> ISSN 2547-7447 (rafræn útgáfa)	
<b>Yfirfarið:</b> KÁ	<b>ISBN nr:</b> ISBN 978-9935-543-19-6 (rafræn útgáfa)	

## Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
English summary .....	5
Inngangur .....	6
Stærð og staða hreindýrastofnsins .....	6
Vöktun hreindýra 2024 .....	7
Vetrartalning .....	7
Frjósemistalning .....	8
Sumartalning .....	9
Fengitímatalning.....	10
Tillaga að veiðikvóta og ágangssvæðum .....	12
Forsendur kvóta 2025 .....	15
Svæði 1 .....	15
Svæði 2 .....	15
Svæði 3 .....	16
Svæði 4 .....	17
Svæði 5 .....	18
Svæði 6 .....	18
Svæði 7 .....	19
Svæði 8 .....	20
Svæði 9 .....	21
Þakkir .....	21

## Myndaskrá

1. mynd. Hlutfall hýrndra kúa í apríl (auðir hringir) og fjöldi kálfa á taldar kýr og vetrunga í júlí (fylltir hringir) árin 2000 til 2024. .... 10
2. mynd. Mörk veiðisvæða (t.v) táknuð með ólíkum litum og mörk ágangssvæða (t.h.). Einnig eru sýnd mörk sveitarfélaga með rauðum brotalínum. Bakgrunnskort byggt að gögnum frá Landmælingum Íslands. .... 14

## Töfluskrá

- Tafla 1. Niðurstöður vetrartalninga eftir kynjum, aldri og veiðisvæðum ásamt viðbúnum fjölda og mismuni þar á. .... 8
- Tafla 2. Fjöldi kúa, hýrndra og kollótttra og hlutfall hýrndra kúa af heildarsýni eftir veiðisvæðum og uppruna gagna. Skyggðir reitir gefa til kynna þau svæði þar sem að sýnastærð eru of litlar til að þykja marktækar. .... 8
- Tafla 3. Niðurstöður sumartalninga í júlí 2024, hlutfall og fjöldi kálfa á kýr veturgömul dýr eftir veiðisvæðum. .... 9
- Tafla 4. Niðurstöður fengitímatalinga, fjöldi dýra eftir kyni og aldri auk hlutfalls tarfa af heildarfjölda dýra veturgamalla og eldri, eftir veiðisvæðum. Skyggðar línur gefa til kynna talningar utan hefðbundins tímabils fengitímatalinga. .... 11
- Tafla 5. Tillögur Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta eftir kynjum á hverju veiði- og ágangssvæði (númer innan sviga) 2025 auk kvóta 2024. Einnig er sýnd breyting á milli kvótatillögu og kvóta síðasta árs og áætlað veiðiálag 2025, metið út frá áætluðum lágmarks fjölda dýra. .... 13

## English summary

The East Iceland Nature Research Centre recommends a hunting quota of 665 reindeer for the year 2025: 265 cows and 400 bulls, which is 131 fewer animals than last year. The pre-calving population for 2025 is estimated to be at least 3,300 animals. A low harvest rate of 20% is advised due to uncertainties surrounding changes in animal distribution, skewed gender ratios, and recruitment failures in certain areas. Under previous guidelines, which allowed for harvest rates of 25–27%, the quota would have been 825 animals.

It is also recommended that the existing boundaries of hunting areas remain unchanged. Additionally, cow hunting should not be permitted in part of Area 4 due to recruitment failure. As in previous years, it is proposed that the hunting seasons remain unchanged; for bulls from 15<sup>th</sup> of July to the 15<sup>th</sup> of September and for cows from the 1<sup>st</sup> of August to the 20<sup>th</sup> of September. Cow hunting will also be allowed from the 1<sup>st</sup> to the 20<sup>th</sup> of November in Area 9. The current policy of protecting calves and yearling bulls is also recommended for continuation.

These proposals are cautious, reflecting uncertainties about population size, recent changes in distribution, as well as the loss of knowledge due to the 2023 planecrash. The recommendations are based on the best available information and align with previous criteria: maintaining a population density below one animal per square kilometer of grazing land, ensuring the population growth index ( $\lambda$ ) remains close to 1, and achieving a gender ratio of approximately four bulls per six cows.

The quota decision draws on data from aerial surveys conducted in spring, summer, and autumn 2024, as well as a winter count performed across all areas in March and April 2024, which was largely successful. Additional important insights into animal numbers and distribution during the hunting season and other times of the year were gathered from hunters, landowners, and the Environment Agency. Collaboration with the Association of Reindeer Hunting Guides and the Environmental Agency played a key role in developing the 2025 quota recommendations.

## Inngangur

Frá árinu 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing dýra, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, og nýliðun. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól (kvóta), ástand stofnsins og ágang hreindýra á einstakar jarðir. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Það byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring.

Kvótatillaga Náttúrustofunnar miðar að því að nýting stofnsins á afmörkuðum og skilgreindum veiðisvæðum sé sjálfbær og í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að viðhalda sambærilegu eða aðeins hærra tarfahlutfalli en fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 4-5 tarfa á hverjar 6-10 kýr að hausti.

Í þessari skýrslu eru kynntar tillögur Náttúrustofunnar um veiðikvóta 2025 og gerð grein fyrir forsendum þeirra tillagna.

## Stærð og staða hreindýrastofnsins

Við ákvörðun um kvóta hefur lengst af verið miðað við uppreiknaðan fjölda hreindýra að vetri (fyrir burð) og að veiðialag á einstakar hjarðir og á stofninn í heild sé á bilinu 25-27%. Undanfarin 5-10 ár hefur skapast töluverð óvissa um fjölda dýra, m.a. vegna breyttrar dreifingar og að talningar úr lofti hafa ekki gengið sem skyldi af ýmsum ástæðum. Þá hafði heildartalning að vetri ekki farið fram síðan 2014 en þó var gerð tilraun til heildartalningar 2023 sem ekki tókst sem skyldi.

Þær forsendur sem að jafnan er unnið út frá eru þær að tarfahlutföll í stofni innan hvers svæðis séu 37.5-40% af fullvöxnum dýr, þ.e. 6 tarfar á hverjar 10 kýr eða 4 tarfar á hverjar 6 kýr, við lok veiða og að nýliðun umfram náttúrulega dánartíðni sé að jafnaði 25-27%, þ.e. vísitala stofnvaxtar ( $\lambda$ ) væri 1,25-1,27 ef ekki væri veitt úr stofninum. Til grundvallar þeirri tölu liggur svo mat á náttúrulegri dánartíðni sem eru breytilegar milli kynja og aldurshópa en fastar í tíma þó svo að þeim hafi verið breytt eftir á fyrir ákveðin svæði og tímabil með tilliti til niðurstæða talninga. Yfirleitt er þó gengið út frá að náttúruleg dánartíðni kúa að vetri sé um 3% (1-5%), kálfa 20% (5-45%) og tarfa um 15% (5-17%).

Stofnmat fyrir burð 2023 var áætlað 4080 hreindýr, miðað við kvóta þess árs (901) og viðbúna nýliðun umfram náttúruleg afföll (1020) hefði stofninn átt að telja um 4200 dýr eftir veiðar 2023. Í vetrartalningu 2024 fundust aftur á móti ekki nema um 3100 dýr sem telst þá vera lágmarksstærð stofnsins fyrir burð 2024. Kvóti ársins 2024 miðaði við fyrra mat, enda lágu niðurstöður vetartalningar ekki fyrir þegar kvóti var gefin út. Við ákvörðun kvóta ársins 2024 var þó haft til hliðsjónar, m.t.t. þeirrar óvissu sem hafði skapast um raunverulega stærð hreindýrastofnsins undanfarin ár, að draga úr veiðialagi, úr 25-27% af áætluðum vetrarstofni sem hefur verið almennt viðmið um langt skeið niður fyrir 20%. Útgefinn kvóti fyrir 4200 dýra vetrarstofn var þannig 800 dýr í stað u.þ.b. 1100 dýra. Sé miðað við niðurstöður vetrartalningar 2024, frekar en áætlað stofnmat hefur veiðialagið verið umtalsvert hærra, eða um 26%. Því er líklegt miðað við þær forsendur sem að unnið hefur verið út frá að

stofninn í heild sinni standi í stað á milli árána 2024 og 2025 en stofnbreytingar séu mismunandi á milli svæða. Fyrir kvótasetningu ársins 2025 er lagt til að miða kvóta við framreiknaða lágmarks vetarstofnstærð 2024 með uppfærðum tölum þar sem að fengist hafa betri upplýsingar um fjölda dýra á svæðum. Jafnframt er lagt til vegna óvissu um orsakir fækkunar, breytingu á útbreiðslu dýra, skekktra kynja hlutfalla og nýliðunarbrests á ákveðnum svæðum að halda veiðialagi lágu, eins og stefnt var að í fyrra.

## Vöktun hreindýra 2024

Árleg vöktun hreindýra fer að jafnaði þannig fram að upplýsingum um frjósemi er safnað í flugtalningum í apríl, kálfa hlutföll og fjölda kúa og veturgamalla dýra í júlí og kynja-aldurs hlutföll í byrjun október. Vöktun árið 2024 fór fram með því sniði en einnig fór fram vetrartalning í mars-apríl.

Hér er gerð stuttlega grein fyrir helstu þáttum vöktunar NA en þess ber einnig að geta að mikið af upplýsingum berst árið um kring frá leiðsögumönnum, veiðimönnum, bændum og öðru áhugafólki um hreindýr sem koma oft að mjög góðum notum við vöktunina.

## Vetrartalning

Vetrartalningin árið 2023 var ekki talin hafa heppnast sem skildi en alls fundust 2230 dýr í talningum af jörðu en áætlað var að fljúga hluta svæða. Ekki tókst að fá flugvél á talningatíma og var því flogið of seint en þá fundust 944 dýr en þar sem of langt leið á milli talninga er líklegt að dýr hafi a.m.k. að hluta verið tvítalin. Þar sem vetrartalningar 2023 tókust ekki sem skildi og að ekki hafði farið fram heildartalning að vetri síðan 2014 þótti brýnt að reyna talningu aftur árið 2024. Ekki var lagt upp með talningar úr lofti en leitað var til staðkunnugra leiðsögumanna og áhugafólks um hreindýr um að telja af jörðu á öllum veiðisvæðum. Upphaflega var áætlað að talningar hæfust 15. mars og talið yrði fram til mánaðarloka. Veður og færð voru óhagstæð í upphafi talningatímabils og stóðu því talningar lengur en áætlað var, eða fram til 15. apríl, en er það ekki talið hafa komið að sök og hætta á tvítalningu lítil sem engin.

Talningar gengu ágætlega en alls fundust 3063 dýr (Tafla 1). Þó var sem fyrr segir viðbúið stofnmat um 4080 dýr. Ljóst má telja að ekki hafi öll dýr fundist en ólíklegt er að rúmlega 1000 dýr hafi ekki komið fram við talningu. Því er lítið svo á 3063 dýr sé lágmarksstofnstærð en unnið eftir því nema að betri upplýsingar liggi fyrir. Nánar er fjallað um niðurstöður vetrartalninga fyrir einstök svæði í forsendum kvóta 2025.

Tafla 1. Niðurstöður vetrartalninga eftir kynjum, aldri og veiðisvæðum ásamt viðbúnum fjölda samkvæmt áætluðu stofnmati og mismuni þar á.

Veiði svæði	Vetrartalning 2024				Alls	Viðbúinn fjöldi	Mismunur
	Kýr	Tarfar	Kálfar	Ógreint			
1	49	23	12	490	574	850	-276
2	89	117	37	31	274	550	-276
3	91	64	37	63	255	400	-145
4	68	19	38	0	125	300	-175
5	58	52	11	63	184	300	-116
6	284	161	140	125	710	400	310
7	40	131	22	367	560	900	-340
8	49	120	20	29	218	180	38
9	59	73	31	0	163	200	-37
<b>Alls</b>	<b>787</b>	<b>760</b>	<b>348</b>	<b>1168</b>	<b>3063</b>	<b>4080</b>	<b>-1017</b>

### Frjósemistalning

Frjósemi er yfirleitt könnuð með því að mæla hlutfall hryndra kúa í apríl. Hægt gekk að fá flugvél til verksins sem þó fékkst að lokum og reynt var að telja 24. apríl 2024 en vegna óvæntra veður-aðstæðna reyndist einungis hægt að telja lítinn hluta svæðis 6. Þar fundust tveir hópar, alls 69 dýr, þ.a. 53 kýr og af þeim voru 4 (7,5 %) kollóttar og þar af leiðandi líklega geldar. Frjósemis hlutfall upp á 92,4 % er mjög hátt en sýnið aftur á móti lítið. Metin frjósemi í vetrartalningunum, í þeim hópum sem að hornahlutföll voru metin, gáfu þó jafnframt vísbendingu upp að frjósemi væri í hærra lagi, eða um 89,6% (N=651) en nokkur breytileiki var á milli svæða bæði hvað varðar hornahlutföll og sýnastærðir (Tafla 2). Hafa ber í huga að vetrartalningar hófust um miðjan mars og stóðu fram í seinni hluta apríl en frjósemistalningar fara að jafnaði fram um miðjan apríl og því mögulega ekki alveg samanburðarhæfar. Síðan mælingar hófust árið 2001 hefur frjósemin mælst um 87% að meðaltali (svið: 82-96). Flest bendir því til þess að frjósemi hafi verið í hærri kantinum veturinn 2023-2024 ( 1).

Tafla 2. Fjöldi kúa, hryndra og kollóttara og hlutfall hryndra kúa af heildarsýni eftir veiðisvæðum og uppruna gagna. Skyggðir reitir gefa til kynna þau svæði þar sem að sýnastærð eru of litlar til að þykja marktækar.

Veiðisvæði	Gögn	Alls kýr	Hyrndar	Kollóttar	Hlutfall
1	Vetrartalning	49	46	3	0.939
2	Vetrartalning	85	74	11	0.871
3	Vetrartalning	84	81	3	0.964
4	Vetrartalning	16	16	0	1.000
5	Vetrartalning	22	21	1	0.955
6	Vetrartalning	279	257	22	0.921
7	Vetrartalning	14	8	6	0.571
8	Vetrartalning	45	37	8	0.822
9	Vetrartalning	57	43	14	0.754
<b>Alls</b>	<b>Vetrartalning</b>	<b>651</b>	<b>583</b>	<b>68</b>	<b>0.896</b>
6	Frjósemistalning	53	49	4	0.925

### Sumartalning


Aðalmarkmið júlí talninga er að mæla framleiðni stofnsins sem fjöldi kálfa á hverja kú og vetrung í stofni þar sem ekki er alltaf hægt að greina á milli þeirra kúa og vetrunga á þeim tíma. Dagana 8. og 9. júlí voru veiðisvæði 3, 4, 6 og 7 leituð úr lofti en einnig var hluti veiðisvæðis 2 leitaður á leið á svæði 6 og 7 auk þess sem að svæðið í kringum Snæfell var leitað 30. júlí í tengslum við flugtalningar á heiðagæsaþópum. Eins fengust myndir, sem hægt var að nota til talninga, af hópi á svæði 3, teknar 15. júlí, sem ekki fannst á talningatíma.

Kálfahlutföll voru nokkuð svipuð á milli svæða 0,52-0,58 kálfar/kýr og vetrunga, 0,54 í heildina (Tafla 3). Það er mjög nærri meðaltali árána 2000-2022 en ekki eru til gögn um kálfahlutföll árið 2023.

Tafla 3. Niðurstöður sumartalninga í júlí 2024, hlutfall og fjöldi kálfa á kýr veturgömul dýr eftir veiðisvæðum.

Veiðisvæði	Kýr og vetrungar	Kálfar	Kálfar/Kýr og vetrunga
2	138	72	0.52
3	195	114	0.58
4	59	34	0.58
6	67	37	0.55
7	279	144	0.52
<b>Alls</b>	<b>738</b>	<b>401</b>	<b>0.54</b>

Þá fundust 0,70 kálfar á fullvaxnar og kýr og veturgömul dýr á svæði 1 við lok burðar þann , 30. maí en gera má ráð fyrir að einhver afföll hafi orðið á kálfum eftir það. Í hlutsýni úr fengi-tímatalningu reyndust vera 0,65 kálfar á hverja kú og veturgamalt dýr. Þar verður þó að hafa í huga að þá höfðu verið felldar 95 kýr á svæðinu auk þess sem að veturgamlir tarfar kunna að hafa fært sig úr hópnum sem að hækkar hlutfall kálfa miðað við hvað það hefur verið í júlí.



1. mynd. Hlutfall hryndra kúa í apríl (auðir hringir) og fjöldi kálfa á taldar kýr og vetrunga í júlí (fylltir hringir) árin 2000 til 2024.

### Fengitímatalning

Til að nálgast aldurs- og kynjahlutföll þarf að telja hreindýrin á fengitíma. Utan hans eru kynin misdreifð í hjörðunum. Yfirleitt er talið úr lofti í byrjun október en illa gekk að fá flugvél til verksins þegar vel viðraði til talninga en það tókst þó 15. október og voru þá hlutar svæða 1 og 2 leitaðir. Flugíð gekk ágætlega þótt æskilegt hefði verið að finna fleiri dýr en alls fundust 234 dýr á svæði 1 og um 161 dýr á svæði 2 (Tafla 4). Á svæði 1 voru tarfahlutföll nokkuð há eða 43% af dýrum veturgömlum og eldri, en á svæði 2 voru þau lág, 30% en að jafnaði væri æskilegt að þau væru á milli 37,5-40%. Til viðbótar við gögn úr flugtalningu fengust myndir til talninga frá fjórum öðrum svæðum:

- Þann 18. september 2024, tveimur dögum fyrir lok veiðitíma, gerði verkfræðistofan EFLA tilraun til að ljósmynda hópa á svæði 3 með flygildi. Tókst sú tilraun ágætlega og fengust myndir af þremur hópum sem að vitað var um staðsetninguna á fyrirfram. Myndirnar voru skýrar og vel talningahæfar og lofa góðu um nýtingu flygilda í þessum tilgangi. Ekki er talið að það komi mjög að sök þó svo myndirnar hafi verið teknar um tveimur til þremur vikum fyrr en vanalega er talið á fengitíma en þó kann það að skýra frekar lágt tarfahlutfall, a.m.k. að hluta til. Alls voru greind 206 dýr, 40 tarfar, 93 kýr með 73 kálfa, eða tarfahlutfall upp á 30% af veturgömlum dýrum og eldri.
- Þann 13. október fréttist af hópi dýra í botni Mjófjarðar en þar voru á ferð dýr úr svokölluðum Skálaneshóp. Starfsfólk NA notaði tækifærið og fór og taldi og myndaði hópinn. Skyggni var á köflum takmarkað vegna snjóélja en talning tókst þrátt fyrir það vel. Alls fundust 74 dýr á svæðinu, þar af 24 tarfar auk 28 kúa með 10 kálfa sem þýðir að tarfar voru um 39% af veturgömlum dýrum og eldri.

- 8. nóvember 2024 fréttist af dýrum ofan við Landabrunir í Stöðvarfirði og þar sem veðurskilyrði voru með ágætum fór starfsfólk NA með flygildi á staðinn og myndaði hópinn. Þar fundust 163 dýr í tveimur hópum sem svo runnu saman. Þá var einnig vitað um tvo tarfa sem að héldu sig inni í Stöðvardal. Alls voru 155 dýr greind, þar af 34 tarfar auk 81 kýr með 40 kálfa. Var því tarfahlutfall af dýrum veturgömlum eða eldri ekki nema 30%. Á þessum tíma er þó mögulegt að tarfar séu farnir að skilja sig frá kúm.
- Dagana 7.-8.nóvember 2024 mynduðu Arnór Fjölínsson og Haukur Ingi Einarsson tvo hópa á Breiðamerkursandi. Taldi annar þeirra 59 dýr en hinn 42 dýr, alls 101 dýr. Á þeim myndum mátti greina 92 dýr, 19 tarfa ásamt 45 kúm með 28 kálfum. Aftur var því tarfahlutfall af dýrum veturgömlum eða eldri ekki nema 30% en það hlutfall er að öllum líkindum samt sem áður ekki lýsandi fyrir ástandið á svæðinu.

Nánar er fjallað um niðurstöður fengitímatalna fyrir einstök svæði í forsendum kvóta 2025.

Tafla 4. Niðurstöður fengitímatalna, fjöldi dýra eftir kyni og aldri auk hlutfalls tarfa af heildarfjölda dýra veturgamalla og eldri, eftir veiðisvæðum. Skyggðar línur gefa til kynna talningar utan hefðbundins tímabils fengitímatalna.

Veiði svæði	Kýr	Tarfar	Kálfar	Ógreint	Alls	Hlutfall tarfa
1	94	71	69	0	234	0.43
2	85	36	39	1	161	0.30
3	93	40	73	0	206	0.30
4	38	24	10	2	74	0.39
6	81	34	40	10	165	0.30
9	45	19	28	9	101	0.30
Alls	436	224	259	22	941	0.34

### Samráð við vinnslu kvóta

Eins og í fyrra var leitað til Félags Leiðsögumanna með Hreindýraveiðum (FLH) og óskað eftir umsögnum félagsmanna í tölvupósti sem sendur var til stjórnar FLH 9. október 2024. Stjórn FLH tók beiðni NA vel og var eftirfarandi spurning lögð fyrir reynda félagsmenn innan hvers veiðisvæðis:

**„Með tilliti til reynslu veiðiársins 2024 og þá stefnu að lækka kvóta eða halda honum óbreyttum, hvaða breytingar, ef einhverjar, myndir þú leggja til m.t.t. kynjahlutfalla, fjölda og/eða dreifingu hreindýra á því svæði eða þeim svæðum sem að þú leiðsegir helst á?“**

Stjórn FLH tók svo í kjölfarið saman þær umsagnir sem bárust og kynnti á samráðs og vinnufundi með fulltrúum frá NA og UST, 4. nóvember 2024. Viðfangsefni fundarins var að fara yfir þær upplýsingar sem að lágu fyrir og þær athugasemdir og upplýsingar sem borist höfðu frá leiðsögu- mönnum og Umhverfisstofnun um dreifingu og fjölda dýra á veiðitíma og árangur og áskoranir á veiðitímabilinu árið 2024. Í kjölfar þess fundar var farið yfir þær

umsagnir sem að bárust með tilliti til þeirra gagna sem NA hafði undir höndum og drögum að kvóta ársins 2025. Athugasemdir sem bárust voru í ágætu samræmi við tillögur Náttúrustofu Austurlands. Flestar athugasemdir snéru að því að kvóti þótti of hár á tilteknum veiðisvæðum og aðrar að því að veiðiálag væri ójafnt og hætta væri á að sótt yrði of stíft í ákveðna hópa. Erfitt er fyrir NA að leysa viðvarandi vandamál varðandi ójafnt veiðiálag í hópa eftir aðgengileika þeirra. Við deilum þessum áhyggjum en farsælast hefur reynst að leysa þetta með veiðistýringu sem er að miklu leyti á hendi UST. NA þakkar áhuga og góðar ábendingar og vonast eftir áframhaldandi góðum samskiptum og samvinnu við kvótatillögur stofunnar í framtíðinni.

### **Tillaga að veiðikvóta, ágangssvæðum og veiðitíma**

Gengið er út frá því að fjöldi dýra fyrir burð 2025 verði rétt rúm 3300 dýr og er lagt til að kvóti ársins 2025 verði 665 dýr, 400 tarfar og 265 kýr (Tafla 5) sem miðar við að halda veiðiálagi lágu, eða um 20% vegna óvissu um breytingu á útbreiðslu dýra, skekktra kynja hlutfalla og nýliðunarbrests á ákveðnum svæðum. Miðað við forsendur fyrri ára um 25-27% veiðiálag ætti kvótinn að vera 825 dýr.


Tafla 5. Tillögur Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta eftir kynjum á hverju veiði- og ágangssvæði (númer innan sviga) 2025 auk kvóta 2024. Einnig er sýnd breyting á milli kvótatillögu og kvóta síðasta árs og áætlað veiðiálag 2025, metið út frá áætluðum lágmarks fjölda dýra.

Ágangs- og veiðisvæði	Kvóti 2024			Kvóti 2025			Breyting 2024-'25			Veiðiálag 2025
	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ	
Vopnafjörður og NA (1)	60	59	119	31	50	81	-29	-9	-38	
Jökuld N og Selland (2)	31	28	59	10	23	33	-21	-5	-26	
Jökulsárhl. utan Sell (3)	4	3	7	4	2	6	0	-1	-1	
<b>Veiðisvæði 1</b>	<b>95</b>	<b>90</b>	<b>185</b>	<b>45</b>	<b>75</b>	<b>120</b>	<b>-50</b>	<b>-15</b>	<b>-65</b>	<b>0.23</b>
Jökuldalur A (2)	2	2	4	4	4	8	2	2	4	
Hróarstunga (4)	1	1	2	2	2	4	1	1	2	
Fell (5)	2	2	4	4	4	8	2	2	4	
Fljótsdalur (6)	5	5	10	10	10	20	5	5	10	
Vellir V (10)	2	2	4	4	4	8	2	2	4	
Skriðdalur V (11)	3	3	6	6	6	12	3	3	6	
<b>Veiðisvæði 2</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>60</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>30</b>	<b>0.19</b>
Hjaltastaðapinghá (8)*	1	3	4	5	7	12	4	4	8	
Eiðapinghá (9)*	1	3	4	8	10	18	7	7	14	
Borgarfjörður (7)	38	44	82	17	23	40	-21	-21	-42	
<b>Veiðisvæði 3</b>	<b>40</b>	<b>50</b>	<b>90</b>	<b>30</b>	<b>40</b>	<b>70</b>	<b>-10</b>	<b>-10</b>	<b>-20</b>	<b>0.23</b>
Vellir A (10)	6	1	7	2	1	3	-4	0	-4	
Seyðisfjörður, Mjóifj N (12)	19	3	22	2	7	9	-17	4	-13	
Mjóifjörður S (13)	10	5	15	6	7	13	-4	2	-2	
<b>Veiðisvæði 4</b>	<b>35</b>	<b>9</b>	<b>44</b>	<b>10</b>	<b>15</b>	<b>25</b>	<b>-25</b>	<b>6</b>	<b>-19</b>	<b>0.15</b>
Reyðarfjörður (14)	4	9	13	2	4	7	-2	-5	-6	
Eski- og Norðfj (13)	31	36	67	8	26	33	-23	-10	-34	
<b>Veiðisvæði 5</b>	<b>35</b>	<b>45</b>	<b>80</b>	<b>10</b>	<b>30</b>	<b>40</b>	<b>-25</b>	<b>-15</b>	<b>-40</b>	<b>0.20</b>
Skriðdalur A (11)	10	23	33	10	15	25	0	-8	-8	
Breiðdalur (15)	10	25	35	15	20	35	5	-5	0	
Stöðvar-/Fáskrúðsfj. (15)	5	32	37	10	15	25	5	-17	-12	
<b>Veiðisvæði 6</b>	<b>25</b>	<b>80</b>	<b>105</b>	<b>35</b>	<b>50</b>	<b>85</b>	<b>10</b>	<b>-30</b>	<b>-20</b>	<b>0.11</b>
Djúpivogur (16)	110	65	175	65	70	135	-45	5	-40	
<b>Veiðisvæði 7</b>	<b>110</b>	<b>65</b>	<b>175</b>	<b>65</b>	<b>70</b>	<b>135</b>	<b>-45</b>	<b>5</b>	<b>-40</b>	<b>0.25</b>
Hornafj.bær (Lón) (17)	8	12	20	0	27	27	-8	15	7	
Hornafj.bær (Nes) (18)	7	10	17	0	23	23	-7	13	6	
<b>Veiðisvæði 8</b>	<b>15</b>	<b>22</b>	<b>37</b>	<b>0</b>	<b>50</b>	<b>50</b>	<b>-15</b>	<b>28</b>	<b>13</b>	<b>0.23</b>
Hornafj.bær (Mýrar) (19)	9	7	16	10	10	20	1	3	4	
Hornafj. (Suðursveit) (19)	18	20	38	30	30	60	12	10	22	
<b>Veiðisvæði 9</b>	<b>27</b>	<b>27</b>	<b>54</b>	<b>40</b>	<b>40</b>	<b>80</b>	<b>13</b>	<b>13</b>	<b>26</b>	<b>0.31</b>
<b>Samtals</b>	<b>397</b>	<b>403</b>	<b>800</b>	<b>265</b>	<b>400</b>	<b>665</b>	<b>-132</b>	<b>-3</b>	<b>-135</b>	<b>0.2</b>

Sem fyrr segir hefur lengst af við ákvörðun um kvóta verið miðuð við uppreiknaðan áætlaðan fjölda hreindýra að vetri (fyrir burð) og að veiðiálag á einstakar hjarðir og á stofninn í heild sé á bilinu 25-27%. Slíkar áætlanir hafa verið byggðar á talningum yfir nokkurra ára tímabil og áætluðum forsendum um náttúruleg afföll og nýliðun. Vegna áðurnefndrar óvissu er fyrir kvótasetningu ársins 2025 er lagt til að bregða frá þessu og miða kvóta við framreiknaða lágmarks vetrarstofnstærð 2024 með örfáum undantekningum þar sem tölur hafa verið uppfærðar þar sem að fengist hafa betri upplýsingar um fjölda dýra á svæðum.

Veiðiálag dregst saman frá 2024 eða helst svipað á öllum svæðum utan veiðisvæða 2 og 9, en á veiðisvæði 2 hækkar það lítillega, á meðan að það hækkar umtalsvert á svæði 9 þar sem stefnt er að því að fækka dýrum. Veiðiálag er lágt á svæði 6 en þar er uppi óvissa um ferðir dýra á milli svæða 2, 6 og 7 og þykir því rétt að fara varlega í kvótasetningu þar til skýrari mynd hefur fengist á fjölda og dreifingu dýra á þessum svæðum. Hvað varðar áframhaldandi takmarkanir á veiðum á svæði 2, bæði m.t.t. veiðiálags á ákveðnum svæðum og á ákveðna hópa kallar NA eftir skýrari stefnumörkun í veiðistjórnun hreindýra, m.a., hvort rétt sé að bregðast við fækkun dýra innan svæða með því að takmarka veiðar meira en sem nemur viðbúnum stofnvexti eða friða ákveðna hópa alfarið fyrir veiðum einhver ár. Eins bendir NA á að nauðsynlegt kunni að vera að endurskoða mörk veiðisvæða.

Í ár er þó lagt til að mörk veiði- og ágangssvæða verði óbreytt en einnig að kúaveiðar verði ekki heimilar á norðanverðu svæði 4, þ.e. norðan Fjarðarár í Mjóafirði og Seyðisfirði. Einnig er lagt til að veiðitímabil verði óbreytt, að veiðar á törfum fari fram frá 15. júlí til 15. september og veiðar á kúm verði frá 1. ágúst til 20. september. Einnig verði kúaveiði heimiluð frá 1. til 20. nóvember á svæði 9. Eins og fyrr er lagt til að kálfar og veturgamlir tarfar verði friðaðir.



2. mynd. Mörk veiðisvæða (t.v) táknud með ólíkum litum og mörk ágangssvæða (t.h.). Einnig eru sýnd mörk sveitarfélaga með rauðum brotalínum. Bakgrunnskort byggt að gögnum frá Landmælingum Íslands.

## Forsendur kvóta 2025

### Svæði 1

Veiðar á svæði 1 gengu misvel, veður hamlaði veiðum á stundum en mestu munaði um breytta útbreiðslu dýranna. Sér í lagi seinni hluta veiðitímabils héldu dýrin sig mun norðar en fyrri ár. Líklega skýrist það a.m.k. að hluta vegna ríkjandi norðan og norðaustan átta á þeim tíma en sömuleiðis hefur útbreiðsla dýra á svæði 1 verið að færast stöðugt norðar undanfarin ár.

Dýrum á svæði 1 má um þessar mundir skipta gróflega í tvennt, hóp sem stundum kenndur er við Brúardali og telur um 120 dýr og Vopnafjarðardýr sem telja um 350-450 dýr samkvæmt upplýsingum á og eftir veiðitíma. Í vetrartalningu komu fram 570 dýr en mjög skorti á hægt væri að meta kynja- og aldurshlutföll á svæðinu í þeirri talningu. Ekki er hægt að útiloka að einhverja hópa hafi vantað í talninguna en þó má telja víst að stofnviðmið við síðustu kvótasetningu, 750-850 dýr hafi verið umtalsvert ofmat. Reynt var að telja svæðið í frjósemistalningu en athugendur urðu frá að hverfa vegna þoku á svæðinu. Í burðartalningu 30. maí fundust 398 dýr á svæðinu norðan við Vopnafjörð. Þar af voru 64 tarfar á öðrum vetri eða eldri, 34 veturgömul dýr, 145 fullvaxnar kýr og 117 kálfar. Það samsvarar 0,81 kálfi á hverja fullvaxna kú eða 0,70 kálfum á kú/veturgamalt dýr. Skömmu eftir burðartalningu gekk á með mjög slæmu veðri í um viku tíma en ekki er talið að tíðarfar hafi haft mikil áhrif á afkomu kálfa. Svæðið var ekki talið í sumartalningu en í fengitímatalningu í október fundust 234 dýr á Vopnafjarðarheiðum. Alls fundust 94 kýr með 69 kálfa og 71 tarfur veturgamall eða eldri. Það jafngildir 43% tarfahlutfalli eða 7,6 törfum á hverjar 10 kýr, sem telst vera of hátt. Sé gert ráð fyrir að vetrartalning gefi fulla mynd af fjölda dýra á svæði 1, kynjahlutföll hafi verið 7,6 tarfar á hverjar 10 kýr og nýliðun í meðallagi, vísitala stofnvaxtar 1.25 er líklegt að dýrum ætti að hafa fækkað á svæðinu milli árána 2023 og 2024 og að viðbúin stofnstærð verði um 530 að vori 2025. Ómögulegt er að segja til um hvort og þá hversu mikið af dýrum komu ekki fram í talningu en miðað við framangreindar forsendur væri ekki ráðlegt að veiða meira en 120 dýr á svæðinu til að stofnvöxtur sé ekki neikvæður og en þó er æskilegt að veiðialag á tarfa lækki ekki eins mikið og á kýr.

Þær umsagnir sem bárust Félagi Leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) voru samhljóma um að kvóti ársins 2024 hefði verið í hærra lagi að draga bæri úr kúakvóta en tarfakvóti mætti halda sér nokkuð, jafnvel aukast lítillega. Tillaga fulltrúa FLH hljóðaði upp á 75 kýr og 100 tarfa en þeir féllust á rök NA að réttara væri að miða kvóta við lágmarkstalningu en áætlun þar til betri gögn liggja fyrir. **Því er lagt til að draga umtalsvert úr kvóta úr 95 kúm og 90 törfum, alls 185 dýrum niður í 45 kýr og 75 tarfa, alls 120 dýr. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 530 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 23% veiðialag.**

### Svæði 2

Veiðar á svæði 2 gengu vel en kvóti undanfarin tvö ár hefur verið mjög lítill vegna fækkunar dýra á svæðinu undanfarin ár og var settur heildarkvóti því aðeins 30 dýr sem að öll voru felld. Fækkun dýra á veiðisvæði 2 skýrist að öllum líkindum að stóru leiti með flutningi dýra út af svæðinu inn á önnur svæði. Sá tilflutningur er að einhverju leiti árstíðabundinn en talningar á mismunandi árstímum benda til þess að mun fleiri dýr gangi á svæði 2 að sumri

en vetri. Í vetrartalningu á svæði 2 fundust alls 274 dýr. Stærstu hóparnir voru 74 dýr í Hrafnkelsdal og 52 dýr við Víðivallaháls en smærri hópar sáust víðar m.a. á Fljótsdalsheiði og á Kiðufelli. Í þeirri talningu voru greindar 89 fullvaxnar kýr. Þ.a. 74 hyrndar (87,1%), 37 kálfar, 112 tarfar og 31 ógreint dýr. Tarfahlutfall í vetrartalningu virtist þannig vera nokkuð hátt á svæði 2 eða 48-56% af fullvöxnum dýrum í stað 38-40%. Hafa verður í huga að slíkt hlutfall kann að vera þjagað á þessum tíma árs þar sem tarfar kunna að vera auðgreindari eða líklegri til að finnast, auk þess sem að tarfar geta verið víðförlir.

Svæðið var einnig lauslega kannað í sumartalningu á leið á svæði 7. Þá fundust 22 tarfar tveggja vetra og eldri en 90 kýr og vetrungar með 43 kálfa eða 0,48 kálfa/kýr og vetrunga. Það er frekar lágt hlutfall en því ber að taka varlega vegna sýnafæðar. Á veiðitíma fengust upplýsingar um u.þ.b. 200-300 dýr á Flataheiði, um 200 dýr á Hraunum, Eyjabökkum og Múla og að minnsta kosti 50 dýr á Vesturöræfum.

Líklegt verður að teljast að dýrin á Flatarheiði og hluti dýranna austan Snæfells séu dýr sem hafi dvalið á svæði 6 á veiðitíma og kunni að hverfa þangað aftur eða jafnvel á svæði 7 (sjá umfjöllun um veiðisvæði 6). Við kvótasetningu ársins 2024 var miðað við áætlaða stofnstærð 550 dýr en miðað við vetrartalningu sem ólíklegt er að hafi skilað öllum dýrum á svæðinu er þó nánast útilokað að svo mörg dýr hafi haldið sig á svæðinu að vetrarlagi án þess að koma fram í talningu og hafa þau líklega haldið sig annarsstaðar.

Ef eingöngu er miðað við vetrarstofnstærð, 270 dýr og ekki er tekið tillit mögulegs innflutnings á svæðið er líklegt að dýrum ætti að fjölga á svæðinu þrátt fyrir veiðar árið 2024 og viðbúin stofnstærð í lok veiðitímabils áætluð um 310 dýr.

Þær umsagnir sem bárust FLH voru á þá leið að kvóti ársins 2024 hefði verið í hærra lagi og að draga bæri úr kúakvóta en tarfakvóti mætti halda sér nokkuð, jafnvel aukast lítillega. Eins bárust tillögur um að loka mætti svæðinu milli Jökulsáa tímabundið fyrir beljuveiðum. Tillaga fulltrúa FLH hljóðaði upp á 30 tarfa en engar kýr. Fulltrúar FLH voru þó sammála rökum NA að taka þyrfti tillit til fjölda dýra í vetrarheit á svæðum 6 og 7 sem líkleg eru til að leita inn á svæði 2 á veiðitíma.

**Kvóti ársins 2024 nam 15 kúm og 15 törfum, alls 30 dýrum. Lagt er til að kvóti verði áfram takmarkaður á svæði 2 á næsta ári en vegna fjölgunar dýra á svæði 6 sem líkleg eru til að halda sig á svæði 2 á veiðitíma verði kvóti hækkaður í 30 kýr og 30 tarfa. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 320 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 19% veiðialag.**

### **Svæði 3**

Veiðar á svæði 3 gengu vel, en 7 kýr úr kvóta á svæði 4 voru felldar á svæði 3 vegna erfiðleika við að finna hluta dýranna á svæði 4 hluta úr veiðitímabilinu. Dreifingu dýranna innan svæðis má til einföldunar segja tví-þrískipta, en dýrin héldu sig að mestu leiti í tveimur-þremur stórum hópum í Borgarfirði og Víkum, Loðmundarfirði og í Fjarðarheiði. Í vetrartalningu fundust 255 dýr en við sumartalningu fundust 24 tarfar, tveggja vetra og eldri, og 99 kýr/vetrungar með 63 kálfa en svo bárust myndir af 51 kálfi og 96 kúm/vetrungum sem teknar voru af hópi sem að fannst ekki í flugi. Kálfahlutfall á svæði 3 var því metið 0,58 kálfa/kýr og vetrunga. Niðurstöður sumartalningar benda til þess að á svæðinu hafi verið að

lágmarki 192 kýr fyrir veiðitíma en í þeirri talningu fannst lítið af törfum. Þeir komu þó fram bæði í vetrartalningu, á veiðitíma og í hlutsýni á fengitíma. Á fengitíma voru taldar 93 kýr með 73 kálfa og 40 tarfar. Að því gefnu að ekki hafi orðið flutningur milli svæða og miðað við kynjahlutföll á fengitíma, leiðrétt með tilliti til veiddra dýra, má gera ráð fyrir að fjöldi tarfa hafi að lágmarki verið 111 fyrir veiðar í haust. Náttúrustofan telur rétt að miða kvóta við að stofninn muni telja 308 dýr næsta vor sem er líklega vanmat en samt sem áður hærra en framreiknuð lágmarks stofnstærð úr vetrartalningu.

Ein umsögn barst FLH sem var á þá leið að kvóti 2024 hafi verið í hærra lagi en jafnframt að æskilegt væri að fjölga dýrum á svæði 3 í 400 dýra vetrarstofn. Tillaga fulltrúa stjórnar FLH hljóðaði því upp á 25 kýr og 40 tarfa sem að er nánast samhljóða tillögu NA.

Náttúrustofan tekur ekki tillit til hvort rétt sé að fjölga dýrum á svæði 3 en miðað við áætlun upp á 300 dýra stofn að vori og viðbúna nýliðun er **lagt til að kvóti ársins verði 40 tarfar og 30 kýr, alls 70 dýr. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 310 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 23% veiðiálag.**

#### **Svæði 4**

Dreifing dýra á svæði fjögur eru að jafnaði tvískipt, Mjóafjarðar/Reykjahópur og Skálaneshópur. Veiðar gengu erfiðlega á svæðinu, að sumu leiti vegna veðurs fyrra hluta tímabils en einnig vegna þess að illa gekk að finna Reykjahópinn stóran hluta tímabilsins og var því að lokum gripið til skörunar á svæði 3. Veiðiálag á beljum í Skálaneshópi var þá orðið óæskilega hátt, sá hópur fannst ekki í júlitalningu en kom fram í fengitímatalningu og þá voru í hópunum 38 kýr með 10 kálfa. Reykjahópurinn fannst í sumartalningu og taldi þá 59 kýr og veturgömul dýr með 34 kálfa. Miðað við fjölda kálfa í báðum hópum og áætlaðan fjölda kúa og veturgamalla dýra má gera ráð fyrir að kálfahlutfall hafi verið vel neðan við 40% á svæðinu í heildina þó svo að kálfahlutföll á Reykjahópi hafi verið eðlileg. Miðað við gögn um felld dýr í Reykjahópi má gera ráð fyrir að hann telji rúmlega 40 kýr sem að passar ágætlega við upplýsingar frá leiðsögumönnum í lok veiðitíma. Það má því telja líklegt að eftir veiðar telji fjöldi kúa á svæðinu um eða yfir 80-90 kýr og ef að kynjahlutföll eru svipuð milli hópa að fjöldi tarfa á svæðinu sé um 53. Leiðrétt fyrir fjölda felldra dýra má því gera ráð fyrir að 172 dýr hafi verið á svæðinu fyrir burð. Það er umtalsvert lægra en búast mátti við miðað við fyrra stofnmat 300 dýr í vetrarstofni 2023, en samt sem áður örlítið meira en kom fram í vetrartalningu.

Ein umsögn barst FLH sem var á þá leið að friða þyrfti kýr á svæðinu í tvö ár en að auka megi tarfakvótann. Tillaga fulltrúa stjórnar FLH hljóðaði því upp á 10 kýr og 17 tarfa sem að er nánast samhljóða tillögu NA.

Nýliðunarbrestur í Skálaneshóp er áhyggjuefni og er því lagt til að kýr verði ekki veiddar sumarið 2025 á norðanverðu svæði fjögur, þ.e. í norðanverðum Mjóafirði og Seyðisfirði. Þó að tarfahlutföll virðist ekki of há og að gögn vanti fyrir Reykjahjörð er lagt til að takmarkaðar veiðar á törfum verði leyfðar auk þess að veiðar verði leyfðar í Reykjahörð og leyft verði að veiða kvóta af veiðisvæði 4 úr þeim hópi á svæði 5 ef að dýrin halda sig þar á veiðitíma. Lagt er til að **kvóti ársins 2025 telji 15 tarfa og 10 kýr, alls 25 dýr og verði kýrnar allar teknar í**

**Mjóafirði sunnanverðum og eða á svæði 5, þó ekki úr Gerpishópi. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 170 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 15% veiðiálag.**

### **Svæði 5**

Veiðar gengu yfirhöfuð vel á svæði 5. Dreifingu hópa á svæðinu á veiðitíma má skipta í tvennt eða jafnvel þrennt, stærsta hópinn, Gerpishóp sem að gengur á Gerpissvæðinu, áður nefndan Reykjahóp sem að gengur yfirleitt hluta úr veiðitímabilinu og að vetrarlagi á svæði 5 og svo smærri hópa í innanverðum Reyðarfirði sem að teljast þá til svæðis 6. Ekki fengust nægjanlega góð yfirsýn yfir dýr að vetrarlagi á svæði 5, þá aðallega Gerpishópin en svæðið er einangrað og torfært. Alls töldust þó 184 dýr á svæðinu í vetrartalningu og má gera ráð fyrir að 150 þeirra tilheyri Gerpishópnum. Svæði 5 var ekki talið að öðru leiti árið 2024 og því engar tölur til nema upplýsingar frá leiðsögumönnum á svæðinu. Myndbandsupptaka sem tekin var seint á veiðitíma, sýnir þó að dýr í Gerpishópnum voru að lágmarki 210 dýr, sem líklega er vanmat þar sem upplausn myndbandsins gerir erfitt um vik að telja af mikilli nákvæmni. Þó erfitt sé að henda reiður á það virðist tarfahlutfall í hópnum vera í hærra lagi sem að passar við lýsingar leiðsögumanna af svæðinu.

Ein umsögn barst FLH sem var á þá leið að draga mætti úr kúakvóta en halda sama eða svipuðum tarfakvóta. Tillaga fulltrúa stjórnar FLH hljóðaði því upp á 25 kýr og 45 tarfa.

Ljóst er að leggja verður áherslu á að fá betri upplýsingar um aldurs og kynja samsetningu dýranna á Gerpissvæðinu og telur því NA rétt að sýna varúð við kvótasetningu ársins 2025. Miðað við 200 dýra stofn að vori 2025 og óvissu um samsetningu **er ekki talið ráðlegt að veiða meira en 40 dýr en jafnframt þykir ljóst að rétt sé að draga minna úr tarfakvóta en kúakvóta á milli ára og því lagt til að kvóti ársins 2025 verði 30 tarfar en 10 kýr, alls 40 dýr. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 200 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 20% veiðiálag.**

### **Svæði 6**

Veiðar gengu yfirhöfuð vel á svæði 6. Dreifing dýranna innan svæðis er nokkuð flókin og óvissa ríkir um flakk dýra á milli nærliggjandi svæða, þ.e. aðallega 2 og 7. Þó má segja að hægt sé að skipta svæðinu og þeim hópum sem þar finnast í fernt: Fáskrúðs-/Stöðvarfjörð, Breiðdal-/Berufjörð, Breiðdal og Skriðdal. Í vetrartalningu komu fram mun fleiri dýr á 6 en við var búist eða 710 í heildina. Í Skriðdal fundust 155 dýr, 408 í Breiðdal og 147 á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Miðað við stofnátætlun ársins áður var viðbúið að um 400 dýr væru á svæðinu. Nær öruggt er talið að þarna muni mestu um tíma- og árstíðabundinn flutning milli svæða og er það stutt með ferðum GPS kúa og seinni talningum.

Vegna þoku í frjósemistalningu náðist aðeins að kanna lítinn hluta svæðis 6 í Skriðdal og á Öxi þar sem fundust einungis 53 kýr en þó sáust nýlegar slóðir eftir stóra hópa liggja upp Öxi. Hluti svæðis 6, aðallega Breiðdalur, var einnig leitaður í júlitalningu. Þá fundust ekki nema 145 dýr, þ.a. 108 veturgömul eða eldri en svæðið austan við Hornbrynju, Öxi, Skriðdalur, Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður voru ekki leituð en vitað var að þar væru dýr. GPS merкта kýrin Vala gekk á svæði 6 í Breiðdal um veturinn og fram á vorið en fór suður í Hamarsdal á svæði 7 til að bera. Um sumarið gekk hún yfir á svæði 2 á Hraunum, Eyjabökkum og Múla en hélt svo til á Hallormsstaðahálsi á veiðitíma. Síðustu vikur hefur hún haldið aftur inn á svæði

6, nærri mörkum 6 og 7 á Háufs norðan Ódáðavatna. Eins gekk kýrin GPS kýrin Skriða í Breiðdal síðasta vetur en færði sig upp í Skriðdal fyrir talningatíma að vetri þar sem hún var fram í maí en færði sig þá yfir á svæði 2 og gekk í Villingadal og Sultarrana fram til ágústloka. Eftir þar færði hún sig yfir á svæði 7 niður í Hofsdal og Geithellnadal þar sem að hún var felld fyrir mistök. Kýrin Hreiða sem var merkt á svæði 2 og ber senditæki sem sendir ekki lengur, sást einnig í Breiðdal á talningatíma í vetur og líklegt er að hún hafi haldið til baka á svæði 2 á burðartíma þó að ekki fréttist meira af henni í sumar.

Þessar ferðir dýra á milli svæða 2, 6 og 7 orsaka erfiðleika við að vakta stærð og samsetningu hreindýrahópa á þessum svæðum og þar með að ná markmiðum veiðistjórnunar. Eins og staðan var í vetrartalningu 2024 voru að lágmarki 710 dýr á svæðinu en ættu ekki að fara yfir 620 ef miðað er við að þéttleiki hreindýra innan veiðisvæða fari ekki upp fyrir 1 dýr á ferkílómeter nýtilegs beitarruga samkvæmt ástands flokkun Gróllindar (Bryndís Marteinsdóttir o.fl. 2020). Náttúrustofan telur þó að varhugavert sé að byggja kvóta á þeirri stofnstærð og ljóst að það kynni að koma harkalega niður á þeim hópum sem að halda sig á svæðinu árið um kring. Litlar upplýsingar bárust um stærð og samsetningu hópa á veiðitíma en sem fyrr segir fundust tæp 150 dýr í júlí talningu syðst og austast á svæðinu. Þar af voru 92 dýr, 56 beljur og 36 kálfar, í hóp á svæðismörkum 6 og 7 milli Breiðdalsvíkur og Berufjarðar, nærri Krossdal. Upplýsingar bárust um það að á veiðitíma hefði Krossdals/Fagradalshópurinn talið um 150 dýr. Í nóvember voru dýrin á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar talin og reyndust þá vera 163 dýr á svæðinu. Af þeim var hægt að greina 153, 81 kú með 40 kálfa og 32 tarfa veturgömul eða eldri. Niðurstöður um fjölda dýra felldra úr þessum hópi liggja ekki fyrir og því ekki hægt að uppreikna kálfahlutfall fyrir veiðitíma en það er þó hægt að segja með vissu að það hafi verið í lægri kantinum, a.m.k. lægra en 0,41 kálfur/kýr og veturgömul dýr. Tarfahlutfall í þessum hópi er einnig í lægri kantinum en hlutdeild tarfa í kvóta á svæðinu síðustu árin hefur verið hátt. Eins er vitað til þess að einhverjir tarfar sem töldust á svæði 6 voru felldir á svæði 5 síðasta sumar.

Þær umsagnir sem bárust FLH voru á þá leið að kúastofninn á svæðinu væri ekki stór á veiðitíma og því þyrfti að gefa út varfærin kvóta á kýr. Eins var bent á að kvóti á tarfa hefði verið hár undanfarin ár og því rétt draga úr álagi á þá. Þá komu einnig fram í umsögnum áhyggjur af of mikilli sókn í aðgengilegri hópa á veiðitíma á meðan lítið væri veitt úr hópum á erfiðari svæðum. Tillaga fulltrúar FLH fyrir fundinn var því 20 kýr og 55 tarfar.

NA deilir áhyggjum umsagnaraðila að of hart verði sótt í dýr á fjarðasvæði 6 á veiðitíma verði kvóti hár en telur þó að tekist hafi að hlífa kúm á þeim svæðum sem að hefur fjölgað undanfarin ár. Eins miðar kvótatillaga ársins að draga úr álagi á tarfa. **Því er lagður til kvóti á svæði 6 sem nemur 35 kúm og 50 törfum alls 85 dýrum. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 770 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 11% veiðiálag. Það veiðiálag getur samt sem áður ekki talist gefa rétta mynd að þeim fjölda dýra á svæðinu á veiðitíma og réttara að segja að veiði álag sé 27% af áætluðum fjölda dýra sem líklegast halda sig á svæðinu árið um kring.**

### **Svæði 7**

Veiðar gengu yfirhöfuð vel á svæðinu. Í vetrartalningu á svæðinu fundust 560 dýr en viðbúið var að allt að 900 dýr ættu að ganga á svæðinu. Hluti svæðisins, frá Búlandsnesi, suður að Hvalnesskriðum var að því er talið er vel leitaður en ekki fengust miklar upplýsingar um dýr í

Berufirði og hafi einhver dýr haldið sig lengra inn til landsins hafa þau ekki komið fram í talningum. Það verður að teljast ólíklegt að nær 350 dýr hafi farið framhjá athugendum. Vissulega kann hluti skýringarinnar að vera sá að hluti dýranna hafi verið á svæði 6 á talningartíma en ef svo hefur verið er lítil fjöldi dýra á svæði 2 enn óútskýrður. Frekar lítill hluti dýranna sem fundust í vetrartalningu voru greind til kyns og aldurs, 40 kýr, 22 kálfar, 133 tarfar en 376 stóðu eftir ógreind. Það er ólíklegt að hlutföll greindra dýra endurspegli hlutföll ógreindra þar sem að athugendur eiga oftast auðveldara með að greina tarfa heldur en kýr. Það er þó líklegt að tarfahlutföll á svæðinu séu orðin há og ber því saman við upplýsingar frá leiðsögumönnum, sér í lagi syðst á svæðinu. Í júlitalningu fundust 429 dýr á svæðinu, þ.a. 279 kýr og vetrungar, 144 kálfar en ekki nema 7 tarfar tveggja vetri eða eldri. Forsendur til að uppreikna stofnstærð eru ekki til staðar þar sem engar talningar eru til frá fengitíma, sýnafæðar í sumartalningu og þar sem að vitað er að blöndun átti sér stað milli dýra af veiðisvæði 6 eftir að vetrartalningu lauk. Lítið barst af upplýsingum á veiðitíma og er því nokkur óvissa um hver fjöldi dýra á svæðinu er og hvar þau dýr sem þar finnast á veiðitíma ganga á öðrum tímum árs.

Umsagnir sem að bárust FLH voru þó nokkuð sammála um að kvóti mætti standa í stað eða draga úr honum lítillega. Tillaga fulltrúa FLH var því 85 dýra kúa kvóti og 50 dýra tarfakvóti.

Kvóti ársins 2024 miðaði við að á svæðinu fyndust 900 dýr fyrir burð en veiðiálagi var stillt mjög í hóp vegna óvissu. Á meðan enn eru ekki til betri gögn en vetrartalning upp á 560 dýr er ekki hægt að miða kvóta við hærri tölu en það, sem að þýðir að lagt er til að **veiddir verði 70 tarfar og 65 kýr eða alls 135 dýr á veiðitíma 2025. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 530 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 25% veiðiálag. Það er umtalsverður niðurskurður á kúakvóta en lítilsháttar aukning á tarfakvóta.**

### **Svæði 8**

Veiðar gengu vel á svæðinu, bæði á hefðbundnum veiðitíma og í nóvemberveiðum. Í vetrartalningu á svæði 8 fundust 218 dýr en stofnmat fyrir kvótasetningu 2024 var 180 dýr. Í þeirri talningu voru tarfahlutföll með hæsta móti, 71% eða 120 tarfar, 49 kýr, 20 kálfar og 29 dýr voru hvorki greind til kyns né aldurs. Af 45 kúm sem voru metnar m.t.t. hornafars, voru 82% hyrndar sem verður að teljast í lægri kantinum, en sýnið var lítið. Ef að leiðrétta ætti tarfahlutfall á einu ári þyrfti að fella rétt rúmlega 70 tarfa en engar kýr á veiðitíma 2025. Nú er ekki víst að þeir tarfar sem að taldir voru í vetrartalningu hafi allir verið inni á svæði 8 á veiðitíma en miðað við þær upplýsingar sem að borist hafa frá leiðsögumönnum er ljóst að tarfahlutföll bæði þar, á svæði 9 og a.m.k. á syðri hluta veiðisvæðis 7 voru of há. Engar tölur aðrar en hlutfall hyrndra kúa í vetrartalningu gefa mynd af framleiðni stofnsins og því ekki ljóst hver nýliðunin er á svæðinu. Mikilvægt er því að fá betri upplýsingar um fjölda dýra á svæðinu auk aldurs og kynja samsetningar ef hægt er frá leiðsögumönnum við nóvemberveiðar.

Í þeim umsögnum sem að bárust FLH var annars vegar talað um að halda óbreyttum kvóta og að fækka þyrfti törfum. Tillaga fulltrúa FLH á var því kvóti upp á 10 kýr og 32 tarfa.

Samkvæmt vetrartalningu og upplýsingum af svæðinu á veiðitíma er ljóst að leiðrétta þarf tarfahlutfall á svæðinu. Miðað við fjölda kúa innan svæðis er ljóst að þær þola ekki mikið

veiðiálag og hraðar gengur að leiðrétta kynjahlutföll í stofni ef að veiði á kúm er takmörkuð. Því er lagt til að veiddir verði 50 tarfar en engar kýr. Miðað við áætlaða stofnstærð upp á 220 dýr fyrir burð 2025 þýðir það 23% veiðiálag.

### **Svæði 9**

Veiðar gengu vel á svæðinu. Þegar haustveiðum lauk var búist við að um 70 dýr héldu sig vestast á svæðinu en um 110 dýr austar á Mýrunum, alls um 180 dýr. og að nóvemberveiðum loknum teldi vetrarstofn rúm 160 dýr sem að er nærri viðbúnum vetrarstofni 2024 en stofnmat við kvótasetningu 2024 var 180 dýr. Í fyrri hluta nóvember fóru að berast upplýsingar sem breytt hafa þeirri mynd sem að upp hefur verið dregin en þá fundust að lágmarki 258 dýr á svæðinu, 115 vestast á svæðinu, á Breiðamerkursandi og vestan Steinavatna, en um 143 austar, 90-110 á Mýrum og 53 á Borgarhafnarheiði. Það er því ljóst að markmiði kvótasetninga fyrri ára, um að fækka dýrum, hafa ekki náðst. Ekki fengust upplýsingar eftir veiðitíma 2024 um kynja- og aldurshlutföll nema fyrir hluta hópa vestast á svæðinu. Í þeim hópum var tarfahlutfall frekar lágt, um 30% af greindum dýrum veturgömlum og eldri. Leiðsögumenn á svæðinu hafa bent á að tarfahlutfall á svæðinu almennt sé of hátt og passar það við niðurstöður vetrartalningar í mars 2024 þá fundust 59 kýr, 31 kálfur og 74 tarfar. Samkvæmt niðurstöðum vetrartalninga var frjósemi lág, af 57 kúm sem hornafar var skráð fyrir, voru 75,4% kelfdar. Ólíklegt er að vetrartalning hafi náð til allra dýra á svæðinu þá og líklegt að dýr á svæðinu hafi að einhverju leiti verið vantalin undanfarin ár og/eða að dýr hafi flutt sig af svæði 8 yfir á svæði 9.

Kvóti á svæði 9 þarf áfram að taka mið af því að fækka þurfi dýrum í Suðursveit til að draga úr líkum þess að dýrin fari vestur í Örnefi en einnig þarf að taka tillit til áhyggja heimamanna á svæðinu vegna gróðurskemmda sem dýrin eru talin valda á birki og mosa á sandinum. Því er áfram lagt til að auka kvóta á svæðinu. Út frá þeim forsendum og þeim markmiðum telur Náttúrustofan, þrátt fyrir skort á gögnum að rétt og brýnt sé að auka kvóta bæði á tarfa og kýr.

**Því er lagt til að veiddir verði 40 tarfar og 40 kýr. Það mun þó líklega ekki duga að til að leiðrétta kynjahlutföll en mögulega má fækka törfum á svæðinu í þrepum. Miðað við áætlaðan fjölda, 260 dýr á svæðinu fyrir burð 2025 þýðir það 31% veiðiálag og mun vonandi duga til að fækka dýrum nokkuð þó líklega þurfi að halda veiðiálagi háu áfram.**

### **Þakkir**

Náttúrustofa Austurlands þakkar öllum þeim leiðsögumönnum og hreindýrahugafólki sem veittu upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra árið 2023. Jóni Hávarði Jónssyni og Reimari Ásgeirssyni í stjórn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Rán Þórarinsdóttur hjá Náttúrustofu Norðausturlands og Jóhanni G. Gunnarssyni eru færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

# NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • [www.na.is](http://www.na.is)